

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Við skráningu hunda skal greiða skráningargjald kr. 2.963.

2. gr.

Árlega skal greiða eftirlitsgjald vegna hunda kr. 9.116. Gjaldið á að standa undir kostnaði vegna ormahreinsunar en ef framvísað er staðfestingu á að ormahreinsun hafi verið framkvæmd lækkar gjaldið um 50%.

3. gr.

Af hundum sem handsamaðir eru og fluttir í gæludýrageymslu Dalvíkurbyggðar samkvæmt 14. gr. samþykktar um hundahald í Dalvíkurbyggð skal eigandi greiða handsömunar-, fóður- og vistunargjald áður en honum er afhentur hundurinn á ný. Ef hundur er ekki örmerktur samkvæmt 9. gr. sömu samþykktar ber einnig að greiða þann kostnað gegn beiðni til dýralækna sem framkvæma slíkt.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta kr. 5.696 vegna handsömunar og gjald fyrir fóður og vistun samkvæmt kostnaði. Gjald fyrir örmerkingu hunda fer eftir gjaldskrá viðkomandi dýralæknis hverju sinni.

5. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni miðast við neysluvísitölu, grunnur 1988, september 2016 (438,5 stig) sem uppreiknast í september ár hvert miðað við gildandi neysluvísitölu.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1075/2015.

Samþykkt í landbúnaðarráði Dalvíkurbyggðar 4. september 2018.

Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 18. desember 2018.

Dalvíkurbyggð, 5. febrúar 2019.

Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri.